



Ný skrifstofubygging fyrir Airport Associates

ÍSTAK annast byggingu nýrrar 2600 fermetra skrifstofubyggingar fyrir flugþjónustufyrirtækið Airport Associates. Airport Associates sér um alla þjónustu við farþega- og fraktflugvélar. Svo sem hleðslu flugvéla og annarrar þjónustu á flughlaði, farþegainnritun og flugafgreiðslu.

Nýja byggingin er staðsett við Keflavíkurflugvöll. ÍSTAK er aðalverktaki við bygginguna og byrjaði í ágúst á jarðvinnu og sökklum fyrir bygginguna. ÍSTAK er einnig stýriverktaki á lagnakerfum byggingarinnar sem þýðir að ÍSTAK sér um samskipti og samninga við fyrirtæki sem sjá um lagnakerfin.

Áætluð verklok eru í júní 2017.



Ný bygging í fertugs afmælisgjöf

Árið 2017 mun SÁÁ fagna 40 ára afmæli sínu. Á afmælisárinu mun það bera hæst að ný meðferðarstöð verður tekin í notkun. ÍSTAK annast nú byggingu þessarar

nýju og fullkomnu meðferðarstöðvar fyrir SÁÁ í landi þeirra á Vík á Kjalarnesi.

ÍSTAK er aðalverktaki að nýju byggingunni og sér um alla jarðvinnu, uppsteypu og frágang utanhús á nýju viðbyggingunni. Áætluð verklok að ytra byrði byggingarinnar eru í febrúar 2017

Nýja og sérhannaða meðferðarstöðin fyrir alla eftirmeðferð á vegum samtakanna verður svo tekin í notkun á 40 ára afmæli samtakanna í október sama ár. Á sama tíma verður meðferð hætt á Staðarfelli. En þar hefur hún verið þá í 37 ár eða frá því 1980.

Myndir teknar á vinnusvæðinu





Grænenskir nemendur í starfsnám hjá ÍSTAKI

Í byrjun október hófu tveir nemar frá Grænlandi 6 mánaða starfsnám hjá ÍSTAKI. Nemarnir stunda nám við Greenland School of Minerals & Petroleum. Þeir hefðu undir vanalegum kringumstæðum farið í starfsnám á Grænlandi hjá námuvinnslu- eða byggingafyrirtæki en í ár gafst þeim ekki færi á því.

Jørgen Petersen, 25 ára frá Narsaq, og Jan Olsen, 26 ára frá Nanortalik, hafa báðir lokið tveimur árum við skólann. En námið krefst þess að þeir fari út á vinnumarkaðinn til að öðlast nýja þekkingu, reynslu og vinnufærni. Vanalega fara nemar úr skólanum í 2 ára starfsnám til bygginga- eða námuvinnslufyrirtækja á Grænlandi. Í ár var það ekki möguleiki og því hafði skólinn samband við ÍSTAK. ÍSTAK starfar við svipuð skilyrði og raunin er á Grænlandi þ.e þar sem er mikið frost, harðir vetrar og vindasamt.

ÍSTAK tók vel í beiðni skólans og hefur nú verið sett upp samstarfsverkefni milli Greenland School of Minerals & Petroleum og ÍSTAKS til reynslu. ÍSTAK sérhæfir sig í vinnu við virkjanir, hafnir, gangnagerð, vegagerð og brúargerð. ÍSTAK er því tilvalinn vettvangur fyrir nema skólans að öðlast reynslu.

Myndir frá skólanum og starfsnáminu






Fjölskylduhátíð ÍSTAKS

Laugardaginn, 21. maí síðastliðinn, var fjölskylduhátíð ÍSTAKS haldin í höfuðstöðvum fyrirtækisins í Mosfellsbæ. Hátíðin var einkar vel sótt og skemmtu allir sér konunglega.

Ratleikir, þrautir, leiktæki, svampakast, klifurturn, hoppukastali og fjölskylduskíði voru meðal afþreyinga sem fjölskyldur tóku þátt í. Flugvélar frá Flugklúbbi Mosfellsbæjar flugu yfir svæðið og dreifðu karamellum og að sjálfsögðu voru líka sumarlegar veitingar eins og grillaðar pylsur og sykurpúðar á boðstólum.



Klifurturn á Fjölskyldudegi ÍSTAKS



Fjölskyldudagur ÍSTAKS



ÍSTAK með fjölskyldudag



Nýjar gröfur auka framleiðni

ÍSTAK tók nýverið í notkun þrjár nýjar gröfur. Um er að ræða Volvo EC380EL (38-39 tonna) beltagröfu, Volvo EW160E (17-18 tonna) hjólagröfu og Volvo ECR25D mínigröfu. Með þessum kaupum uppfærði ÍSTAK gröfufлотann sinn en í fyrra voru fjórar eldri vélar seldar.

ÍSTAK keypti gröfurnar frá Brimborg og voru þær settar saman eftir óskum ÍSTAKS. Þær eru sum sé með búnaði sem henta þeim aðstæðum sem ÍSTAK starfar í. Þar með eru þær allar ríkulega búnar með öllum þeim aukabúnaði sem þörf er á sem og vinnulýsingu.

„Við völdum Volvo vélarnar því þær eru hagkvæmar í rekstri og eyðslugrannar, að auki eru þær líka umhverfisvænar þar sem þær eru með góðum hreinsibúnaði á útblástri. Aðstaðan fyrir tæknistjóra er mjög góð og er olúmiðstöð til staðar til að halda húsi tækjastjóra heitu án þess að vélin sé í gangi að óþörfu“, segir Dagbjartur Sveinsson, innkaupafulltrúi hjá ÍSTAKI. Nýju gröfurnar munu styrkja enn frekar framleiðni og framleiðslu hjá ÍSTAKI þar sem t.a.m. verður minna um vinnutímatap vegna viðhalds véla.

Gröfurnar eru nú þegar komnar í notkun en beltagrafan verður notuð í sjólögn við

Borgarnes til að byrja með, hjólagrafan í Mosfellsbæ og svo fer hún í Reykjanesið vegna stækkunar Leifsstöðvar og mínígrafan er komin í vinnu við stækkun Klettaskóla.



Rafmagnað ÍSTAK

ÍSTAK hefur tekið í notkun rafmagnsbílinn Volkswagen e-Golf. Bíllinn er gæddur öllum þeim nútímaþægindum sem bílar hafa nú til dags en er að auki umhverfisvænn.

„Við byrjuðum á að taka einn rafbíl í notkun til að sjá hvernig það hentar starfsemi okkar og erum mjög ánægð með útkomuna. Bíllinn er nettur og þægilegur í akstri og rafmagnið dugar alveg í allt það snatt sem við notum hann í. Þetta er einn af okkar liðum til að hafa góð áhrif á umhverfið okkar og vera umhverfisvæn“, segir Bjarki Þór Iversen, starfsmannastjóri ÍSTAK. Við keyrslu gefa rafbílar engar gróðurhúsalofttegundir frá sér og gefa að jafnaði líka minni hljóðmengun frá sér en venjulegir bílar.

Á höfuðborgarsvæðinu eru nú um sex hleðslustöðvar fyrir rafbíla og fjórar eru á landinu þ.e. Akranesi, Selfossi, Borgarnesi og Reykjanesbæ. Áætlað er að það bætist við fleiri hleðslustöðvar strax í ár og komandi árum og sjá stjórnendur ÍSTAK fram á að með meiri dreifingu hleðslustöðva bætist fleiri rafbílar í bílaflota ÍSTAK.



ÍSTAK reisir hljóðdempandi vegg

ÍSTAK reisir hljóðdempandi vegg úr forsteyptum einingum við tengivirki Landsnet í Hamranesi. Veggurinn er framan við spennana við hlið tengivirkisins og er reistur til að draga úr nið sem berst frá þeim. Veggurinn er með steinull á þeirri hlið sem snýr að spennunum sem dempar bæði hávaða og dregur úr endurkasti.

Það er von Landsnets að þessar aðgerðir dugi vel og bæti hljóðvistina á svæðinu til muna en ráðist var í þær í samráði við íbúasamtök á Völlunum og bæjaryfirvöld í Hafnarfirði, í kjölfar samkomulags sumarið 2015 milli þessara aðila um að fjarlægja Hamraneslínur 1 og 2 eigi síðar en í árslok 2018. Byggð í Hafnarfirði hefur þróast að línunum á undanförunum árum og voru íbúar á svæðinu ekki sáttir við sambýlið við þær auk þess sem þeir kvörtuðu einnig undan þungum nið frá spennunum við hlið tengivirkisins í Hamranesi.

Eftir ýtarlegar mælingar og greiningu á vandanum var ákveðið að hækka hljóðmönina við tengivirkið um tvo og hálfan metra og byggja hljóðeinangrandi vegg framan við spennana. [Sjá frétt Landsnets um verkið.](#)



Verður 9000 fermetrum stærri

ÍSTAK annast stækkunina á Flugstöð Leifs Eiríkssonar í Keflavík. Til að mæta stóráuknum straumi ferðamanna til landsins eru ferns konar stórar framkvæmdir í gangi vegna stækkunar Flugstöðvarinnar. Í sumar verður flugstöðin um 9 þúsund fermetrum stærri en hún var í byrjun sumars 2015.

Morgunblaðið fjallaði nýverið um stækkunina á Flugstöð Leifs Eiríkssonar og setti hana einnig fram á myndrænan máta.

Um er að ræða:

- **Stækkun suðurbyggingar til vesturs** - Þar sem um ræðir 5.000 fermetra byggingu sem bætir við sex nýjum rútuhlíðum, svokallaða þriðju landa leit sem er vopnaleit fyrir farþega sem koma frá löndum þar sem er ekki samningur um vopnaleit. Þeir þurfa því að fara í gegnum leit við lendingu. Að auki stækkar almennt svæði fyrir skiptifarþega í suðurbyggingu og einnig salerni.
- **Stækkun á farangursflokkunarsal** - Framkvæmdir vegna 3.000 fermetra stækkunar á farangursflokkunarsals. Tilgangurinn er meðal annars sá að flugvöllurinn geti tekið á móti breiðbotum sem notast við farangursgáma.
- **Stækkun á komusal** - Komusalur var stækkaður um rúma 800 fermetra á síðasta ári og verður stækkaður um aðra 800 fermetra í ár. Töskufæriband var lengt og svæðið stækkað bæði innan við og utan við tollgæslu
- **Stækkun suðurbyggingar til norðurs** - Hafnar eru framkvæmdir við stækkun suðurbyggingar til norðurs. Byggingin verður 7.000 fermetrar á þremur hæðum.

Samkvæmt Isavía mun stækkun á landamærasal tvöfalda afköst yfir landamærin til að mæta fjölgun farþega á síðustu árum. Sér í lagi fjölgun á skiptifarþegum og umferð frá Norður-Ameríku og Bretlandi auk þess sem verslunar- og veitinga-svæði á 1. hæð verður mun stærra með biðsvæði fyrir rúmlega 1.000 farþega til viðbótar við núverandi rými. Einnig er verið að skoða kosti þess að stækka og fjölga biðstofum á flugvellingum.

Stækkunin, sem Ístak framkvæmir, verður tekin í notkun árið 2017

Unnt er að lesa alla greinina um stækkun á Flugstöð Leifs Eiríkssonar hér.



Ný vefsíða ÍSTAKS

Ný vefsíða ÍSTAKS hefur nú litið dagsins ljós. Vefsíðunni er ætlað að sýna verk ÍSTAKS, nýjustu fréttir, upplýsa starfsmenn og viðskiptavini um framkvæmdir og margt fleira.

Vefsíðan er skalanleg (e. responsive) sem þýðir að unnt er að opna hana í mismunandi tækjum þ.m.t. í tölvu, snjallsímum og spjaldtölvum og aðlagar www.istak.is sig þar með að skjáplássi tækjanna. Vefsíðan er einnig sett upp með það markmiði að notendur geti nálgast helstu upplýsingar frá forsíðunni og þurfi ekki að leita lengi að upplýsingum heldur nálgist þær með einum smelli.

Vefurinn verður fyrst um sinn á íslensku en verið er að þýða hann yfir á ensku.



Sterk staða kallar á fleiri starfsmenni

Einstaklega sterk verkefnastaða er nú hjá ÍSTAKI og er útlit fyrir áframhaldi á því. ÍSTAK er vel í stakk búið fyrir það og er í kortunum að stærri verk komi til útboðs sem munu falla vel undir getu Ístaks.

Hjá ÍSTAKI starfa nú yfir 200 manns og búa þeir yfir mikilli reynslu. Fyrirtaks skipulag er á verkferlum innan Ístak og að auki kemur sterkt bakland að utan sem tryggir það að unnt er að klára verkefni á tilsettum tíma og innan fjárhagsramma. Mjög góð aðstaða er hjá ÍSTAKI fyrir verktaka og starfsmenn og frábærar stoðdeildir. Með aukningu verkefna kemur einnig þörf fyrir fleiri starfsmenn. ÍSTAK er því að leita að fólki í ýmis störf svo sem iðnaðarmenn, verkamenn, tæknimenn og fleiri.

Meðal verkefna sem eru nú í framkvæmd eru: Endurbætur á nýju húsnæði **Bandaríska sendiráðsins**, viðbygging og endurbætur á **Klettaskóla**, stækkun Sundhallar Reykjavíkur, **stjórnstöð Ísavía**, stækkun á norðurbyggingu **Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar** og breikkun Hringveggar 1 hjá Hellisheiði. En von er á fleiri verkefnum inn á næstu mánuðum, bæði hér heima sem og í útlöndum.<

Unnt er að **sækja um störf hjá ÍSTAKI hér**